

**Ed.**

## **321. Frumvarp til laga**

um raforkuveitusjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita hagkvæm lán til að gera orkuver og raforkuveitur í héruðum landsins.

### **2. gr.**

Til raforkuveitusjóðs leggur ríkissjóður a. m. k. 50 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.

### **3. gr.**

Raforkuveitur, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu, skulu greiða til raforkuveitusjóðs eftir þessum reglum:

- a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
- b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilóvatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
- c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári. Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

### **4. gr.**

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr raforkuveitusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

### **5. gr.**

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að  $\frac{4}{5}$  stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 30 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 5 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrjár af hundraði — á ári.

### **6. gr.**

Til tryggingar fyrir lánum úr raforkuveitusjóði skal vera orkuverið og orkuveitan sjálf og aðrar þær tryggingar, sem ráðherra tekur gildar, svo sem ábyrgð sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags.

### **7. gr.**

Raforkuveitusjóður skal undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.

### **8. gr.**

Nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins og lánveitingar úr honum setur ráðherra í reglugerð.

### **9. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.